



Alþingi
Erindi nr. P 138/3076
komudagur 20.8.2010

20. ágúst 2010
SI-65252

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sbr. lög nr. 24/2009, 563. mál.


Með tölvupósti dags. 7. júní 2010, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að í því sé lagt til að felld verði brott 2. mgr. 63. gr. a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 1. mgr. ákvæðisins er einstaklingi veitt heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef sýnt er fram á að hann verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Í 2. mgr. er gildissvið ákvæðisins þrengt þannig að heimildin nái ekki til einstaklinga sem undanfarin þrjú ár hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Hafi einstaklingurinn hins vegar hætt atvinnurekstrinum og skuldinar sem stafa af honum eru aðeins lítt hluti af heildarskuldum einstaklingsins getur hann þó leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Flutningsmenn frumvarpsins telja m.a. að þau skilyrði sem sett eru í ákvæðinu gangi mun lengra en sanngjarnt er og að líklegt sé að ákvæðið nýtist ekki eins og því var ætlað.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, og biðst velvirðingar á því hversu síðbúið svarið er.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur